



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri Félagsbústaða

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um skiptingu verkswiðs milli Félagsbústaða og velferðarsviðs vegna þjónustu við leigjendur Félagsbústaða

Þann 31. ágúst 2022 lagði fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um skiptingu verkswiðs milli Félagsbústaða og velferðarsviðs vegna þjónustu við leigjendur Félagsbústaða:

Óskað er eftir yfirliti og útlitun um verkswið Félagsbústaða annarsvegar og verkswið velferðarsviðs hinsvegar í öllu er við kemur þjónustu við leigjendur Félagsbústaða, allt frá því að umsókn berst um félagslega leiguíbúð og þangað til að leigutímabili kann að ljúka. Það er ekki alltaf skýrt hver ber ábyrgð á hverju varðandi t.a.m. viðgerðir innan íbúða, upplýsingagjöf vegna spurninga sem kunna að vakna upp, aðstoð vegna greiðsluferfiðleika, óskum um milliflutninga o.s.frv.

Svar:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og Félagsbústaðir vinna þétt saman þegar kemur að úthlutun og samskiptum við leigjendur í húsnæði Félagsbústaða. Verkaskipting er mismunandi eftir því hvar í ferlinu leigjandi/umsækjandi er:

Umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði

Sótt er um félagslegt húsnæði á heimasíðu Reykjavíkurborgar eða á miðstöð í því hverfi sem umsækjandi á lögheimili í. Miðstöðvar leggja faglegt mat á umsóknir og meta samkvæmt matsviðmiðum reglna um félagslegt leiguhúsnæði. Ef umsækjandi uppfyllir skilyrði reglna er umsókn samþykkt á biðlista.

Úthlutun í íbúðir

Úthlutun félagslegs húsnæðis fer fram á sérstökum fundum úthlutunarteyma sem skipuð eru með sérstöku erindisbréfi. Úthlutunarteymi forgangsraðar umsóknum frá miðstöðvum og úthlutar húsnæði samkvæmt reglum. Forgangsroðun tekur mið af faglegu mati ráðgjafa og úthlutunarteymis ásamt stigagjöf samkvæmt matsviðmiðum reglna. Við mat umsóknar og úthlutun er metið hvort og þá hvernig stuðning umsækjandi þarf á að halda til að búseta gangi vel. Ætíð er haft samráð við umsækjanda um hvers eðlis sá stuðningur er.

Verkaskipting við úthlutun, sýningu og afhendingu



Umsækjanda er tilkynnt skriflega þegar úthlutun til hans hefur farið fram og hefur hann tíu daga til að svara hvort hann þiggi úthlutun húsnæðisins. Einnig hafa starfsmenn á viðkomandi miðstöð samband við umsækjanda. Viðkomandi er bent á að hafa samband við Félagsbústaði sem gefa tíma til að skoða íbúðina. Ef viðkomandi þiggur íbúðina fær hann tíma í leigusamning hjá Félagsbústöðum þar sem lykjar eru afhentir. Ef leigjandi er með stuðning, t.d. með samning um áfangahúsnæði, þarf hann að ganga frá eftirfylgdarsamning hjá félagsráðgjafa í miðstöð áður en hann undirritar leigusamning hjá Félagsbústöðum.

Verkaskipting velferðarsviðs og Félagsbústaða við leigjendur

Ef þörf er á viðgerðum eða viðhaldi íbúðar hefur leigjandi samband við Félagsbústaði. Ef leigjandi er með fyrirspurnir um leigugreiðslur eða er í vandræðum með greiðslur hefur leigjandi samband við Félagsbústaði og/eða Motus. Í sumum tilvikum kemur félagsráðgjafi í miðstöð að máli með ráðgjöf og aðstoð við leigjandann í fjármálum. Hægt er að sækja um sérstakan húsnæðisstuðning til viðkomandi miðstöðvar. Félagsbústaðir beina fyrirspurnum um upphæðir sérstaks húsnæðisstuðnings til félagsráðgjafa í miðstöð.

Ef fólk er með fyrirspurn um upphæð húsaleigubóta þá skal beina slíkum erindum beint til Húsnæðis og Mannvirkjastofnunar (HMS).

Ef leigjandi óskar eftir milliflutningi þá þarf hann að sækja um milliflutning í miðstöð þar sem umsóknir eru gerðar. Í einhverjum tilvikum geta Félagsbústaðir metið mál þannig að viðkomandi leigjandi þurfi milliflutning t.d. vegna ástands íbúðar. Félagsbústaðir leiðbeina leigjanda um að sækja um milliflutning í miðstöð. Félagsbústaðir geta mælt með forgang í flutning við úthlutunarteymi ef ástand íbúðar er metið svo.

Við leigulok

Ætli leigjandi að skila íbúð og flytja annað hefur hann samband við Félagsbústaði og skilar lykklum á skrifstofu og undirritar skilablað.